

Framkvæmdaeftirlit við Esjurætur vegna lagnaskurðar



Lísabet Guðmundsdóttir



**FS693-18021
Fornleifastofnun Íslands**

Reykjavík 2018

Á forsíðu er verktaki við skurðargróft.

Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Fax: 551-1047
Veffang: fsi@instarch.is

Inngangur.....	4
Framkvæmd og niðurstöður.....	4
Heimildaskrá.....	6



Inngangur

Sigurður Rúnar Birgisson verkefnastjóri hjá Veitum óskaði eftir því að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér framkvæmdaefirlit vegna lagnaskurðar við Vesturlandsveg undir Esju í Kollafirði.



Mynd 1 Rannsóknarsvæðið er innan rauða ferningsins á kortinu.

Á umræddu svæði var grafinn skurður til þess að tengja saman eldri hitaveitulagnir. Samkvæmt umsögn Minjastofnun Íslands fór fram skráning á jörðinni árið 2001 á framkvæmdarsvæðinu og var þar að finna túngarð sem lítið sást af. Túngarðurinn sést á túnakorti Mógilsár frá 1916 og liggur í N-S en við suðurenda er krappt horn á garðinn í vesturátt og teygir sá veggur sig í um 40 m. Minjastofnun Íslands fór fram á að gerð yrði fornleifakönnun á túngarðinum, tilgangur könnunarinnar var að staðsetja garðinn, aldursgreina og sjá gerð hans.¹ Framkvæmdaefirlit fór fram 25. apríl 2017 og var verkið í höndum Lísabetar Guðmundsdóttir fornleifafræðings. Sá hún einnig um skýrsluskrif.

Framkvæmd og niðurstöður

Framkvæmd á umræddu svæði fór fram 25. apríl. Enginn túngarður sást á vettvangi enda svæðið afar raskað vegna framkvæmda á síðastliðnum áratugum en fylgst var með skurðgrefti á þeim stað þar sem túngarðurinn var talinn hafa verið. Lagnaskurðurinn var 1,2 m á breidd og um 1,8 m á dýpt, heildarlengd skurðar sem haft var eftirlit með var um 60 m. Við gröft var ljóst að skurðstæðinu hafði öllu verið raskað, að hluta til vegna vegagerðar og vegna Laxeldstöðvar sem stofnuð var árið 1961.² Skurðarstæði fór í gegnum eldri skurð sem gerður var til þess að veita læk í Laxeldið sem var suðvestan við núverandi veg að Esjunni og Mógilsá. Manngerðar tjarnir og veitur voru grafnar á svæðinu og er nokkuð ljóst að það hefur allt verið sundurgrafið og þar af leiðandi voru engar fornminjar varðveittar né skráðar.

¹ Minjastofnun Íslands. MÍ201802-0040/S.B.

² Þór Guðjónsson. 1996. bls. 427



Mynd 2 Skurður þar sem meint garðlag á að hafa staðið. (Mynd tekin í austur)



Mynd 3 Skurður ásamt veitu sem grafið var fyrir eftir að laxeldisstöðin var stofnuð árið 1961. (Mynd tekin í vestur)

Heimildaskrá

Minjastofnun Íslands. Umsögn vegna framkvæmda við gatnamót við Esju við Vesturlandsveg. Bréf dagsett 21. febrúar 2018. MÍ201802-0040/S.B.

Þór Guðjónsson. 1996. Starfsemi að veiðimálum í fjörutíu ár, 1946 til 1986. *Freyr*. 92:11 bls. 423-431